



### Heimsóknir

Í apríl komu Ásta Júlía, Jón og Ester frá félagi eldri borga og lásu fyrir börnin á Ás- og Dvergaheimum.



### Íþróttasýning

Íþróttasýningin gekk vel börnin voru dugleg að taka þátt í æfingum og sýndu á sér sínar bestu hliðar. Við starfsfólkið erum mjög stolt af börnunum og vonum við að gestir hafi haft jafngaman að þessu. Þökkum við öllum þeim sem sáu sér fært að mæta fyrir komuna.



### Útskrift 6 ára barna

Elstu börn og starfsfólk á þeirra deildum fara út að borða í Hendar í Höfn **2. maí**. Þann 22. maí ætlum við að hafa útskriftarathöfn fyrir börnin sem eru að hætta í vor. Athöfnin byrjar kl. 15 og er foreldrum boðið að koma og vera viðstödd þegar börn þeirra útskrifast úr leikskólanum. Börnunum er afhent útskriftarplagg og gjöf frá leikskólanum, boðið verður upp á léttar veitingar.

### Uppskeruhátíð

Samstarf hefur verið í allan vetur á milli elstu barna leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans en því lýkur núna í maí með uppskeruhátíð. Nemendur og kennarar ætla að taka á mót 1. bekk ásamt kennurum í salnum í leikskólanum, ætla þau að eiga góða stund saman með söng og dansi.

### Gróðursetning

Allar deildir eru farnar að huga að gróðursetningu bæði innan og utan dýra. Börnin eru búin að skreyta blómappotta og setja niður fræ sem þau vökva og hugsa um þangað til þau fara með afraksturinn heim. Kartöflur og annað grænmeti verður svo sett niður í matjurtagarðinn um leið og garðurinn er tilbúinn.



## Ferð í hesthúsin

Að venju verður farið í hesthúsin í maí til að skoða nýfædd lömb, kindur, hesta, og fleiri dýr sem verða á vegi okkar. Hver deild skipuleggur sína ferð og verða valdir dagar sem vel viðrar til að fara í þessar ferðir.



## Vorhátíð Foreldrafélags Bergheima

Laugardaginn 25. maí verður vorhátíð foreldrafélagsins kl. 11-13. Verður hún auglýst betur þegar nær dregur.

### Vikan 1.- 4. maí

1. maí verkalýðsdagurinn, **leikskólinn lokaður.**
2. maí elstu börnin og kennarar þeirra fara út að borða í Hendar í Höfn.
2. maí tónlistarskólinn kemur í heimsókn kl. 14
3. maí starfsdagur, **leikskólinn lokaður.**

### Vikan 5. -11. maí

10. maí rugldagur opið á milli deilda á milli klukkan 10-11.

### Vikan 12. -18. maí

15. maí vorskóli hjá elstu börnunum 13.10-15.10
16. maí vorskóli hjá elstu börnunum.13.10-15.10
17. maí söngstund í sal eða úti

### Vikan 19. – 25. maí

22. maí útskrift 6 ára barna kl. 15
24. maí söngstund í sal eða úti
25. maí vorhátíð foreldrafélagsins, auglýst nánar síðar.

### Vikan 26. maí -31. maí

30. maí uppstigningardagur, **leikskólinn lokaður.**
31. maí söngstund í sal eða úti

Með kveðju

Elsa aðstoðarleikskólastjóri